

156. fundur – framhald í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn á netinu 13.09.2023 kl. 16.30

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Valdimar Hafsteinsson, Hulda Kristjánsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Gils Einarsson fjarverandi.

Dagskrárliður nr. 2 sem var frestað á fundi sem haldinn var 13.06.2023.

Ársreikningur 2022

Ársreikningur Fræðslunetsins fyrir árið 2022 lagður fram ásamt skýrslu endurskoðanda.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöður og skýringar á helstu tölum og þróun á milli ára. Ljóst er að hlutfall launa af tekjum er of hátt og hefur farið hækkandi síðustu ár. Stjórn óskar eftir því að launakostnaður verði greindur og skoðaður með það að markmiði að lækka hlutfallið milli tekna og launa. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu.

Ársreikningur 2022 staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og verður hann formlega frágenginn með rafrænum undirritunum.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:00

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð